

44. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 12. desember 1996, kl. 9.00.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Gjaldskrárbreytingar.

Eftirfarandi gjaldskrá var samþykkt sem tekur gildi frá og með 1. janúar 1997:

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr. 1.60 pr/kg.
Gjald fyrir sláturúrgang	kr. 3.20 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp, sem ekki er sammingsbundið	kr. 3.20 pr/kg.
Afgreiðslugjald	kr. 530 pr/losun.

Gjald fyrir sláturúrgang hækki frá og með 1. júlí 1997 í kr. 3.30 pr/kg.

2. Fjárhagsáætlun.

Lögð fram fjárhagsáætlun ásamt samningi um skiptingu skrifstofukostnaðar. Fjárhagsáætlunin og samningurinn samþykkt. Samkvæmt henni verða rekstrartekjur kr. 38.400.000.- og rekstrargjöld kr. 28.185.000.- Afborgun lána nemur kr. 6.400.000.- og kr. 3.500.000.- renna í varasjóð til að mæta hugsanlegum áföllum og bótum vegna yfirstandandi málaferla.

3. Önnur mál.

- 3.a. Greinargerð Birgis Þórðarsonar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna skoðunarferðar hans með heilbrigðisfulltrúanum í Hafnarfirði og fulltrúa mengunarvarnarsviðs Hollustuverndar ríkisins til fyrirtækisins Gáms í Straumsvík við Hafnarfjörð. Ferðin var farin vegna viðskipta Sorpstöðvar Suðurlands og Gáms.

Til kynningar.

Í greinargerðinni kemur fram að skoðunarmenn hafa verið sammála um að vel væri staðið að rekstrarþáttum, mengunarvarnir og hreinlæti í mjög góðu lagi. Jafnframt hafi verið ljóst að förgunarúrgangur væri nokkuð einslitur þ.e. pappír, pappi og plast.

- 3.b. Rætt um fyrirhugaða úttekt á starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands sbr. samþykkt á síðasta aðalfundi.

Samþykkt að hefja gagnaöflun vegna hennar.

Fundi slitið kr. 10.00.

Karl Björnsson.
Guðmundur Hermannsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Þorvarður Hjaltason.